

Umsögn og athugasemdir við
verkefnatrixu JHD 1987 varðandi hlut
BHJ í henni

Jens Tómasson

Greinargerð JT-87/02

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
87.02.14

Greinargerð
JT - 87/02

UMSÖGN OG ATHUGASEMDIR VIÐ VERKEFNAMATRIXU JHD 1987 VARÐANDI HLUT BHJ Í HENNI.

Mikillar óánægju gætti hjá Borholujarðfræðideild þegar núverandi verkefnamatrixa JHD var lögð fram. Þar kom fram veruleg minnkun á umfangi deildarinnar miðað við árið 1986. Þar er til að taka, að einn og hálfur starfsmaður var færður af deildinni auk þess sem vitað var, að MK mundi verða fjarverandi mest allt árið vegna skyldurækni við þjóðfélagið.

Fljótlega eftir að fyrsta matrixa leit dagsins ljós var ljóst í hvað stefndi og má segja að viðbrögð BHJ hafi ekki verið nægjanlega skjót til að afstýra þeirri stefnu, sem nú er orðin ljós. Deildarstjóri BHJ var ekki hafður með í ráðum eða hans álit fengið meðan á matrixugerð stóð heldur voru honum tilkynntar niðurstöður þegar hverjum matrixu-áfanga var náð og síðan gengið fram hjá honum við fullkomnun verksins. Vegna þessa fylgja hér með rörkstuddar athugasemdir við matrixuna, sem hafa það að markmiði, að endurheimta Gsv og sýna fram á að þess fyrir utan er deildin síst ofmönnuð.

1 SÖLUVERK

Eins og undan farin ár skipa söluverk BHJ veglegan sess innan JHD og ef að líkum lætur fer þeim fjölgandi eftir því sem líður á árið. Þar af leiðandi eru þær 136 vikur, sem nú eru á matrixu algjör lágmarkstala. Því þegar boranir fara í gang þá koma verkefnið eðlilega, sem fastur fylginautur enda hefur rannsóknarvinnan getið af sér góðan orðstý.

Ef litið er á vinnuskýrslur janúarmánuðar þá kemur í ljós að JT og GÓF hafa báðir unnið að mestu þann mánuð í tengslum við boranir á suðurlandi án þess að það komi fram á verkefnamatrixu. Því til viðbótar má nefna að í verkefnið boranir á Suðurlandi er ekki gert ráð fyrir neinu vinnuframlagi BHJ og er það eitt umhugsunarvert út af fyrir sig.

Annað og ekki minna atriði er, að Gsv vann að mestu leyti við Kröfluverkefnið í janúarmánuði 1987 án þess að það kæmi fram á verkefnamatrixu. Henni var ætlað að vinna 8 vikur í því verkefni og 2-3 vikur í sambærilegri vinnu í Námafjalli hvoru tveggja söluverkefni unnin fyrir Landsvirkjun. Þetta gleymdist við matrixugerð og þess í stað voru skráðar á Gsv 15 vikur í óskilgreind verkefni og á þeim forsendum

var hún millifærð á JEF. Hér er ekki verið að leita uppi sökudólg heldur leitað eftir leiðréttingum, sem skipta að sjálfsögðu höfuð máli. Þegar er ljóst að til þess að sinna söluverkum, sem m.a. GSv átti að einhverju leyti að sinna, þá er fyrsta atlagan gerð að fagverkum og starfsmenn færðir þaðan frá yfir í söluverk. Umfang fagverkefna hefur minnkað þar af leiðandi verulega eins og síðar verður vikið að. HF er skv. verkefnisstjórum bókaður á tvö stór söluverk sem eru tímasett á fyrri hluta árs: Þar er annars vegar Svartsengi, þar sem um samvinnu er að ræða á milli hans og Vatnaskila um líkanagerð af jarðhitageyminum í Svartsengi og því tímasett. Hins vegar er um að ræða samantekt á borholujarðfræðigögnum á Nesjavöllum og úrvinnslu úr holu NJ-18 á Nesjavöllum. Þetta verkefni er undanfari þess að unnt sé að setjast niður og vinna upp jarðhitamódel þar sem öll fagsvið eru tekin með í reikninginn. Til að unnt sé að ljúka þessum verkum á fyrri hluta þessa árs er talið nauðsynlegt að deila þeim á fleiri aðila, og í því sambandi var GSv. sett inn í bæði þessi verkefni. Af einhverjum ástæðum hefur Svartsengisverkefnið verið stytt úr 10 vikum í 7 vikur, að því er virðist án vitundar verkefnisstjóra.

Hér á eftir er tölulegur samanburður söluverka milli undirdeilda JHD

SÖLUVERK

Deild	Vikur	Menn	Vikur/mann	Vikur/sumarm.	Vikur samtals
JFK	70	4	18.5	0	70
BHJ	136	7.5	18.1	0	136
JEL	52	9	5.8	0	52
BHM	156	11.5	13.6	6	162
JEF	124	8	15.5	48	172
VVT	41	5	8.3	0	41

Allar tölur eru úr matrixu fyrirliðgjandi 14. feb. 1987.

Enn sem áður er hlutur BHJ á JHD einna mestur í söluverkefnum þrátt fyrir minnkandi umsvif borfyrirtækja, þar sem mikil úrvinnsla liggur fyrir og þegar hefur verið samið þar um. Þar má taka sem dæmi verkefni fyrir HR. Þar hefur hlutur BHJ aukist ef eitthvað er ef tekið er mið af fyrsta uppkasti matrixu (munnl.uppl. frá BSt.).

2 DEILDARVERK

Víða er pottur brotinn undir þessum verkefnalið. Undanfari ári hefur J.H.S.- kennsla verið stærsta deildarverkefni BHJ og oft ekki legið nákvæmlega fyrir í janúar og febrúar hve margir styrkþegar komi til með að vera í borholujarðfræði. Hingað til hefur verið litið á það

verk sem forgangsverk. Nú gerir matrixan ráð fyrir einum styrkþega, en ekki er útilokað að þeir verði fleiri.

Stór deildarverkefni í fiskeldi snerta starfsemi BHJ verulega í ár. Verkefnisstjórar viðkomandi verkefna hafa lagt fram áttlanir um vinnuframlag og samkvæt því vantar a.m.k. 8 vikur inn á matrixu BHJ. Það eru 5 vikur á HF og 1 vika á ÓBS í sérverki um seiðaeldi undir stjórn ÓGF og 2 vikur á ÁSG í sérverkefni í Óxarfirði undir stjórn LSG.

Ekki er gert ráð fyrir vinnu varðandi keyrslu útfellingasýna á XRD-tæki og ekki heldur smáþjónustuverkefnum innan OS. Þau eru ekki í þeim mælieiningum, sem matrixan mælir (þ.e. vika eða meira). Samt sem áður hlaða þessi verkefni utan á sig og þegar upp er staðið þá er summa vinnunar mælanleg inn á matrixuna. Það er ástæðulaust þrengja að starfsemi, sem hingað til hefur talist nauðsynleg og engin skoðana-ágreiningur verið þar um.

Undir deildarverk eru ráðstefnur erlendis flokkkaðar og hafa engin svör borist hvorki já eða nei við umsóknum BHJ þar um. Ekki er gert ráð fyrir samkvæmt matrixu að slík ferðalög verði á döfinni á árinu. Hér á eftir er tölulegur samanburður á vinnuframlagi undirdeilda JHD í deildarverkum.

DEILDARVERK

Deild	Vikur	Menn	Vikur/mann	Vikur/sumarm.	Vikur samtals
JFR	78	4	19.5	0	78
BHJ	42	7.5	5.6	0	42
JEL	152	9	16.9	72	224
BHM	81	11.5	7	2	83
JEF	81	8	10.1	0	81
VVT	87	5	17.4	5	92

Allar tölur eru úr matrixu fyrirliiggjandi 14. feb. 1987.

3 FAGVERK

Undanfarin ár hefur lítið farið fyrir þessum verkefnaði vegna mikilla anna við söluverkefni og hafa stjórnendur JHD látið fagverkefnið jafnan víkja fyrir söluverkefnum. Nú virtist loks vera að rofa til í þeim málum, þar sem þau síðarnefndu voru áætluð umfangsminni en áður. Undirbúningsvinna á skilgreiningum fagverkefna og vinnuframlagi í þeim var að mestu lokið í desember síðastliðnum og var haldinn fundur þar um með yfirfagdeildarstjóra 16. sama mánuðar, þar sem verkefnið voru krufin og metin. Í byrjun þessa árs ræddi yfirfagdeildarstjóri við stjórnendur fagverkefna og gerði þeim grein fyrir sínum skoðunum á

viðkomandi verkefnum og leitaði jafnframt niðurstöðu er báðir aðilar gátu felld sig við. All mikið niðurskorin upphafleg tillögugerð kom í framhaldi af þessu og voru þar samtals 62 vikur áætlaðar í fagverkefni. BHJ satti sig að mestu við þessa meðferð þó með einni veigamikilli undantekningu, en það var meðferð vökvabólurannsóknna og vísast í því tilfelli til greinargerðar GÓF -87/02. Ekki voru ofangreindar tillögur langlífur, því án nokkurs samráðs voru fagverkefni skorin úr 62 vikum í 35 og stendur sú tala í núgildandi matrixu. Allri vinnu sem lögð var í undirbúning fagverkefna var þar með kastað fyrir borð að því er virðist í þeim eina tilgangi, að fækka um einn starfsmann á BHJ. Erfitt er að draga aðra ályktun en þá af vinnubrögðum sem þessum, að enginn áhugi er meðal stjórnenda JHD á þróun faglegrar vinnu á BHJ. Hér á eftir er samanburður fagverkefna innan undirdeilda JHD.

FAGVERK

Deild	Vikur	Menn	Vikur/mann	Vikur/sumarm.	Vikur samtals
JFR	0	0	0	0	0
BHJ	35	7.5	4.7	0	35
JEL	85	9	9.4	0	85
BHM	129	11.5	11.2	15	144
JEF	42	8	5.3	6	48
VVT	27	5	5.4	0	27

Allar tölur eru úr matrixu fyrirliggjandi 14. feb. 1987.

Að gefnu tilefni skal það áréttað sterklega, að borholujarðfræðideild hefur skipulagt fagverkefnin mjög í þeim anda að bæta þátt starfseminnar í söluverkum.

SÖLUVÆRK

	Sölu/ Deild þegar unnin	H2 LAGH.SV	H2 NESV	H2 KÖLV.	SVARSE.	ISLANDS.	SVARSEYRI	VIÐVÆJ	ÞUTANARALING	KRAFLA	ISLAND	HITAV-SELF.	SVARSEL. BOGAVIR	SUMARLIDABER	Ymis þingusta	SVARF. ÞUNNSU RÖNTEJEN	STAVARER.
JT	5	4										16			1		
ASG			8							8					1		4
HF			11		6	3									1		
MK												4					
"BB"																20	
GJ																34	
KOP	1	2	1	3			3	1							3		
ØBS															1		
VH															2		
GSV			11	3	4				2-3	8					1		
<u>AUKNING</u>	+6		+2		+3				+2-3	+8	2		4		+10	+20	+4

Hæ klyttu
af koma
vithart

FORMSTOFUN

DEILDARVEK

	'ÖRÐRES FISVÆLDI	HÖP KENNLA	HÖP FULLTR	UTFELL HTAV. XPD	SERV. SEIÐA ELDI	ÞÁST SEK	þunnun.
JT							
ASG	2	1					
HF		1			5		
MK							
BB							10
GJ							
LOP		2			15		
ORS		11	26		11		
VH				1			
GSV							

+2



GERT ÞAD
F. 1 STAKT.
(KOMA JAFNVEL
TVEIR)

+1

+6



HVAÐ KOM
UT ÚR ÞESSUM
DÁLKI.